

SAMTAL UM HORFUR

Difficile est in infernis invenire
veritatem, difficilius invenisse.

Þ. Hvernig heldurðu að fara muni?

H. Það er auðveldara að segja, hvernig fara mundi. Það er ekki torvelt að sjá, að nú eru í undirbúningi styrjaldir og drepsóttir stórkostlegri en áður hafa gengið yfir, hvað sem úr verður.

Þ. Heldurðu ekki, að þessi ósköp, sem yfir hafa gengið, hafi gert menn svo leiða á ófriði, að það verði reynt af meiri áhuga og með meiri árangri en áður, að koma í veg fyrir styrjaldir?

H. Ég sé ekki neitt, sem bendi til þess, að áhuginn á að vekja styrjaldir muni verða minni en áður. Aldrei hefir dýrð hinna sigrandi hershöfðingja verið meiri en nú; taktu eftir því, hvort sumum stjórnámálamönnunum muni ekki þykja nóg um. Aldrei hefir meira verið talað um hreysti og hreystiverk, og munu vera í ýmsum löndum margir unglingar, sem mundu girnast slíkar viðtökur, sem kapparnir hafa fengið, þeir, sem heilir hafa komist heim úr manndráphryðjunum. Og aldrei hafa gróðamennirnir grætt eins stórkostlega og í þessari styrjöld. Mér virðist það annars dágóð bending um það, hvers eðlis fjármálaástand mannfélagsins er, að á þessum manndrápa- og meiðingatímum hafa aðaleinkenni þess verið eins og undirstrikuð, komið glöggar í ljós en áður.

Gyðingurinn hefir sigrað í þessum ófriði. Gyðingurinn sem milljarðari og Gyðingurinn sem mjög stjórnandi stjórnleysingi, bolsévík; það eru tveir þættir í sama vef. Taktu eftir, hvernig Gyðingar vaða uppi eftir þennan ófrið. Það er

dálítill bending um hvað það er í rauninni, sem er að gerast.

P. Þú ert Gyðinga óvinur?

H. Nei; því fer fjarri. Gyðingar og fleiri Semítar eru í tölu þeirra manna, sem ég hefi mjög miklar mætur á, og ég álit allt mannætta og þjóðernis hatur mjög fráleitt. Það er einmitt þessi “infernala“ tilhneiging til að hata og vilja útrýma, sem verður að stríða á móti. En ég vil auðvitað ekki að Semítarnir eyðileggi hina arísku framsókn. Og á þeirri leið er verið. Það er ekki lítið fróðlegt, að athuga vöxt og viðgang semítismans á Englandi t. a. m. Auðugir Gyðingar eru að ryðja burt aðlinum enska, af norskum, dönskum og þýskum ættum. En jafnvel þó að Semítarnir sigruðu til fulls, þá yrði sá vermir skammgóður. Stefnunni mundi verða haldið áfram til fullkomins ósigurs fyrir hið hvíta mannkyn. Hér kemur til greina lögmál, sem Herbert Spencer, hinn mikli kennari 19. aldarinnar, og einn af þeim mönnum, sem ég hefi mestar mætur á, hefir sýnt fram á. Og sagan bendir greinilega til þess, hversu hætt er við gulu öldunni austan að, í hvert skipti sem Gyðingar eða semítisk stefna hefir unnið einhvern stórsigur hér í Norðurálfunni. Og svo mundi enn verða. Fyrir austan Asíu er herskáasta þjóð jarðarinnar, stórþjóð, mannfleiri miklu en Englendingar. Aldrei hefir á jörðu hér verið annar eins kjarni í heimsveldi, eins og Japan. Og verði herskaparstefnunni haldið, þá þarf ekki að spyrja hvernig fara mundi. Eftir semítismann kemur japanisminn og sínisminn. Kínverjinn er ennþá slyngari peningamaður en Gyðingurinn.

P. Þú trúir þá á „gulu hættuna“?

H. Ég er að tala um, hvernig fara mundi. Einnig yferráð hinna gulu mundu verða endaslepp. Í Ameríku vex upp framtíðarfólkið, sem verða mundi drottinn jarðarinnar, ef svo fer fram, sem nú stefnir. Eftir nokkrar aldir verður Ameríka orðin að svartri heimsálfu. Svertingjum fjölgar þar langmest, og nú er í Bandaríkjunum tíundi hver maður svertingi, en í Brasilíu fimmti hver. Og með tímanum mundu hinir svörtu verða hinum gulu yfirsterkari. Síðasta heimsríkið mundi verða nokkurs konar sambland af Dahomey og

Svertingjaríkjunum alkunnu á Haiti. Og síðustu mennirnir á jörðu hér mundu verða Svertingjar, ennþá ófriðari en aparnir, og munurinn á innræti þó miklu verri.

Þ. Þá yrði niðurlag mannkynssögunnar ennþá ljótara en inngangurinn hefir verið.

H. Já. Svo ljót og ömurleg sem saga mannkynsins hefir verið, þá væri þó ennþá ljótara það sem fram undan er, ef ekki tekst að breyta til, svo rétt stefni. Styrjaldir og drepsóttir væru þá fram undan, ennþá ferlegri en verið hafa. Nú þegar virðist vera í smíðum drepsýkill, sem kynni að verða ennþá aðgerða meiri, ef hann nær að magnast til fulls, heldur en jafnvel sá, sem svartadauða olli.

Þ. En hvað ætti að geta breytt stefnunni? Eða er nokkur von um, að stefnubreyting geti orðið?

H. Vonlítið virðist það vera. En þó hygg ég, að stefnunni verði breytt. Vér þurfum að geta vaxið frá steinfornum þokuhugmyndum, annars vegar, og læra að verða til muna langsýnni og víðsýnni, hinsvegar. Menn þurfa að læra að skilja tilgang lífsins. Minna dugir ekki. En geti það orðið, þá verður stefnunni breytt, og friðarstefnan mun sigra, samtakastefnan, hin sanna framfarastefna.

Morgunblaðið, 27. apríl 1919.